

## 132. löggjafarþing 2005–2006.

Þskj. 715 - 484. mál.

### Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um sjúkrahústengda heimaþjónustu fyrir aldraða á vegum Landspítala-háskólasjúkrahúss.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

#### Munnlegt svar

Háttvirtur 4. þingmaður Reykjavíkurborgar - suður hefur beint til mín eftirfarandi fyrirspurn:

*Eru uppi áform um að koma á sjúkrahústengdri heimaþjónustu fyrir aldraða á vegum Landspítala - háskólasjúkrahúss? Ef svo er, hvenær má gera ráð fyrir að hún verði að veruleika?*

Undanfarin misseri hefur heimahjúkrun á höfuðborgarsvæðinu verið eflað með markvissum hætti, m.a. í framhaldi af samkomulagi við eldri borgara sem gert var árið 2002. Árið 2003 voru fjárframlög aukin um 46,9 milljón krónur, árið 2004 um 25,2 milljónir og árið 2006 um 58 milljónir. Þetta er tæplega 180 milljón króna aukning til þessarar þörfu starfsemi á fáum árum, til viðbótar því fjármagni sem fyrir var. Þar til viðbótar var varið fjármagni til að samþætta heimahjúkrun og félagsþjónustu sveitarfélaga á heimilunum og er það einnig í samræmi við skoðanir eldri borgara sem fram komu í samkomulaginu. Þá hefur verið lagt fjármagn til þess að reka geðhjúkrunarteymi á vegum heimahjúkrunarinnar og einnig hefur heimaþjónusta á vegum Landspítalans fyrir þá einstaklinga sem þurfa sérhæfða hjúkrun verið aukin.

Þessi auknu fjárframlög og stuðningur eru í fullu samræmi við þann vilja minn, að efla þjónustu við hina veiku heima þannig að hver og einn geti notið þess að búa heima eins lengi og hann og/eða hún óska þess. Flestum mun þó ljóst að nauðsynlegt er að halda áfram á þessari braut og efla þjónustu við sjúka í heimahúsum, en um hitt má frekar ræða hvort sú þjónusta á að eflast fyrst og fremst á vegum heilsugæslustöðva, sjálfstætt starfandi hjúkrunarfræðinga, Landspítalans, einstakra hjúkrunarheimila eða annarra

Engin ákvörðun hefur verið tekin um að veita þessa grunnþjónustu á vegum Landspítala - háskólasjúkrahúss, en stjórnendur sjúkrahússins hafa kynnt ráðuneytinu hugmyndir sínar og tillögur í því efni. Þar er um að ræða sérhæfðari þjónustu en þá hjúkrun sem veitt er á vegum heilsugæslustöðva, og er ætlunin að fylgja eftir sjúklingum sem útskrifast af sjúkrahúsinu. Þessari þjónustu er ætlað að mæta þörfum veikari einstaklinga í heimahúsum en Miðstöð heimahjúkrunar á Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins gerir nú, og er gert ráð fyrir mörgum heimsóknum hvern sólarhring og allan sólarhringinn.

Í hugmyndum stjórnenda Landspítalans er gert ráð fyrir að sjúklingar útskrifist frá sjúkrahústengdu heimaþjónustunni í önnur úrræði ef og þegar aðstæður þróast þannig eftir ákveðinn tíma og njóti þá t.d. heimahjúkrunar heilsugæslunnar og heimaþjónustu viðkomandi sveitarfélags.

*Þingmaðurinn spyr einnig hvenær gera megí ráð fyrir að sjúkrahústengd heimaþjónusta verði að veruleika.*

Virðulegi forseti.

Ég tel að fyrirspyrjandi hafi vakið máls á þörfu málefni og að við munum á næstu mánuðum verða að kryfja til mergjar með hvaða hætti er best að skipuleggja heimaþjónustu við aldraða í heimahúsum, með það að markmiði að gera enn betur en nú er.

*(Talað orð gildir)*